

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 9. desember 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárlög 2022, 1. mál

Bændasamtök Íslands fengu sent til umsagnar frumvarp til laga um fjárlög ársins 2022, 1. mál, með tölvupósti frá nefndarviði Alþingis þann 1. desember sl. Frestur til að skila umsögn var veittur til 9. desember. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins eins og það liggur fyrir og gera eftirfarandi athugasemdir.

I. Samantekt

Hækkanir á áburðarverði án hliðstæðu kalla á heimildir ríkisins til þess að geta gripið inn í ef að þær hækkanir raungerast og vegi að fæðuöryggi. Jafnframt er mikilvægt að á næstu árum verði unnið að kappi að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Samhliða þeim aðgerðum þurfa að fara af stað metnaðarfull verkefni sem miða að því að auka bindingu og draga úr losun vegna landnýtingar. Sé það ekki gert er fullvíst að markmið um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 verður fljótt óframkvæmanlegt. Bændasamtökin fara fram á að fjárlaganefnd sjái til þess að eftirtalin verkefni hljóti framgang á árinu 2022

- 20 m. kr. framlag til þess að koma upp innviðum fyrir valfrjálsa kolefnisbindingu í gegnum Kolefnisbrúna til móts við framlag BÍ. Hlutverk Kolefnisbrúarinnar er að tengja saman aðila sem vilja eiga í viðskiptum með kolefniseiningar við bændur sem eru tilbúnir að leggja land undir skógrækt til framleiðslu á kolefniseiningum. Kolefniseining er tonn af kolefni, í þessu tilfelli bundin í viði trjáa. Gerður verði sérstakur samningur við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.
- 20 m. kr. framlag til Bændasamtaka Íslands til þess að efla innviði BÍ til að tryggja framgang verkefna á sviði loftslagsmála, á grundvelli aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum og umhverfisstefnu BÍ. Gerður verði sérstakur samningur við Bændasamtökin um aðgerðir á sviði loftslagsmála við atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið.
- Heimild sé til staðar til þess að ríkið geti komið með mótvægisáðgerðir vegna mögulegrar áhrifa hækkandi áburðarverðs á fæðuöryggi. Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið meti þær heimildir sem þörf sé á.

II. Metnaðarfullar áætlanir í loftslagsmálum

Aðgerðaráætlun stjórnvalda um aðgerðir í loftslagsmálum sem snýr að landbúnaði snúast um það að auka bindingu og draga úr losun. Sú losun sem er bókfærð undir landbúnað er fyrst og fremst losun á tveimur lofttegundum, glaðlofti (N₂O) og metani (CH₄). Þessar lofttegundir verða til við notkun á köfnunarefnisáburði¹ og við iðragerjun búfjár og úr hauggeymslum. Til þess að ná þessum markmiðum þarf að draga saman losun um u.þ.b. 45 þúsund tonn af CO₂ ígildum á næstu níu árum². Það er afar


¹ Athygli er vakin á því að köfnunarefnisgjafinn, þ.e.a.s. hvort um er að ræða tilbúin áburð eða lífrænan skiptir litlu máli í þessum efnum og því engin lausn á þessari losun að breyta um köfnunarefnisgjafa.

² Losun á N₂O er varpað yfir í það magn af CO₂ sem myndi valda jafn mikilli hlýnun á 100 árum, CO₂ ígildi, með því að margfalda með stuðlinum 298, sambærilegur stuðull fyrir CH₄ er 25.

krefjandi verkefni – þar sem að ferlarnir sem skapa þessar lofttegundir eru líffræðilegir, eiga sér stað í vömbum jórturdýra, hauggeymslum og á velli og því erfitt að hafa áhrif á þá.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur er lögð áhersla á réttlát umskipti fyrir alla hópa samfélagsins í aðgerðum til að berjast við loftslagsvána. Þeim áherslum fagna Bændasamtökin. Samdráttur í losun frá landbúnaði getur í stórum dráttum orðið með tveimur leiðum, annaðhvort er dregið úr landbúnaðarframleiðslu hérlendis og matvæli flutt inn³ eða að nýttar eru vísindalegar lausnir til þess að draga úr losun við framleiðslu. Í stjórnarsáttmála er einnig tilgreind markmið um að tryggja fæðuöryggi, byggðafestu og vísindalega nálgun í loftslagsmálum svo að ljóst er að sá kostur að ná markmiðum í loftslagsmálum með því að minnka landbúnað er ekki á borðinu.

Til að setja þetta stóra verkefni í samhengi er sýnt á mynd 1. hversu mikið sauðfé þyrfti að fækka til að ná markmiðum um samdrátt í losun um 5%, ef að markmiðinu væri eingöngu náð með því að fækka búfé. En á henni er sýnt að til að draga saman sauðfjárstofninn um 21,5% þyrfti að skera allar ær frá Vopnafirði suður á Flúðir. Þessi fækkun myndi ein og sér ekki duga til, en gert er ráð fyrir því að samdráttur í áburðarnotkun á svæðinu myndi duga til að ná því sem út af stendur.



Mynd 1. Fjöldi fullorðinna áa eftir sveitarfélögum. Rauðmerkta svæðið er það svæði sem þyrfti að skera niður á til að ná nægjanlegri fækkun á sauðfé eingöngu til að ná markmiðum.

Bændasamtökin hafa þegar sent tillögur um hvaða aðgerðir hægt sé að nýta til þess að draga úr losun og auka bindingu til sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins. Ástæða þess að samtökin fara fram á fjármuni á árinu 2022 er að afar mikilvægt er að verkefnin sem um greinir að ofan fari af stað strax svo að þau fari að bera ávöxt fyrir íslenskt samfélag. Bændur telja sig geta verið hluta af lausninni í loftslagsmálum en ekki er hægt að fjármagna þá innviði með félagsgjaldi bænda einu saman.


III. Félagskerfi bænda getur verið hluti af því að draga úr losun í landbúnaði

Síðustu áratugi hefur framleiðnivöxtur í landbúnaði verið mikill. Þannig hefur framleiðsla á landbúnaðarafurðum aukist talsvert á sama tíma og stuðningur hins opinbera á föstu verðlagi hefur lækkað á hverju ári. Vegna skuldbindinga íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum hafa bæst við nýjar áskoranir, til viðbótar við það að framleiða heilnæma fæðu á sanngjörnu verði, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Síðustu áratugir hafa einkennst af miklum vexti í framleiðslu búvöru og á sama

³ Með tilheyrandi kolefnisleka (e. carbon leakage) þar sem losun neyslu íslendinga bókast annarsstaðar en á Íslandi

tíma hefur losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði minnkað um 16% frá 1995, líkt og sjá má á Mynd 2. Nú þarf að gera enn meira og á styttri tíma.

Eftirspurn eftir matvælum er háð fólksfjölda, þannig mun verða meiri eftirspurn eftir íslenskum matvælum árið 2030 heldur en 2021 þar sem skv. mannfjöldaspá Hagstofu Íslands verða landsmenn um 400 þúsund við enda þessa áratugar. Því þarf að framleiða meira en nota til þess minna að aðföngum. Það mun ekki raungerast nema að lausnir erlendis frá verði staðfærðar, íslenskt hugvit finni nýjar lausnir og það sem mestu máli skipti, þær komist til framkvæmda hjá íslenskum bændum. Íslenskur landbúnaður hefur áður tekist á við áskoranir og telur sig geta mætt þessum áskorunum ef að rétt er haldið á málum.



Mynd 2. Kolefnisspor landbúnaðar og framleitt magn, vísitölur þ.s. 1995 = 100. Heimild: Hagstofa Íslands

Það sem Bændasamtökin telja sig geta gert betur er að koma lausnum til framkvæmda hjá bændum, í gegnum virkt félagskerfi bænda. Því telja Bændasamtökin að með því að ríkið komi með mótframlag gegn framlagi samtakanna sé hægt að vinna mun hraðar og ná árangri fyrr en ella.

Bændasamtökin leggja því til að veittar verði 20 m.kr. til móts við framlagi bænda á grundvelli samnings við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Fjármunirnir verði nýttir til þess að útbúa aðgerðaráætlun sem taki mið af markmiðum stjórnvalda og umhverfisstefnu Bændasamtakanna.

IV. Aukin binding á kolefni skapar störf í dreifðum byggðum

Mikill vöxtur er í svokölluðum valfrjálsum kolefnismörkuðum um allan heim. Þannig er hægt að fjármagna notkun á umhverfisvænni tækni á Svissneskum kúabúum með kaupum á vottuðum einingum, kaupa bindingu með landgræðslu í Bandaríkjunum og svo framvegis⁴. Ljóst er að fyrir mörg fyrirtæki kunna að vera tækifæri fólgin í því að gera sína vöru eða þjónustu kolefnishlutlausu með því að greiða 3. aðila fyrir að binda kolefni eða koma í veg fyrir losun. Til þess að koma í veg fyrir grænþvott er afar mikilvægt að staðlaðar aðferðir séu notaðar við skráningu og vottun á slíkum viðskiptum.

Ísland mun ekki ná kolefnishlutleysi eingöngu með ríkisframlögum

Bændasamtök Íslands telja að eitt af framlögum íslensks landbúnaðar í loftslagsmarkmiðum stjórnvalda fram til ársins 2040 sé að byggja upp þá innviði sem þarf til þess að slík verkefni geti náð brautargengi.


⁴ <https://www.bloomberg.com/news/articles/2021-04-20/the-carbon-market-gold-rush-in-american-agriculture>

Skógræktin hefur unnið mikilvægt brautryðjendastarf með verkefninu Skógarkolefni, sem snýst um staðlaða vottun á að sannanlega sé um ekki um grænþvott að ræða. Þá hefur á grunni íslensks hugvits verið útbúin hugbúnaður til að halda utan um skráningu eininga til að koma í veg fyrir tvítalningu. Til þess að binda kolefni eða koma í veg fyrir losun þarf kunnáttu, fjármagn, vinnuafli og land. Bændur eiga landið og geta lagt til vinnuaflið, kunnáttan er til staðar á Íslandi en finna þarf farveg til að tengja saman þá sem vilja kaupa og selja. Kolefnisjöfnun Íslands mun ekki eingöngu nást með ríkisframlögum til skógræktar, landgræðslu og endurheimt votlendis. Einkaaðilar þurfa að koma að því stóra verkefni. Með samþykkt laga nr. 86/2020, um frádrátt vegna kolefnisjöfnunar var komið á skattalegum hvata fyrir einkaaðila að setja fjármagn í slík verkefni.

Bændasamtökin unnið að því síðustu tvö ár að undirbúa verkefnið Kolefnisbrúin, sem hefur það markmið að vera brú á milli kaupenda og seljenda. Aðildarfélög bændasamtakanna hafa fjármagnað það þróunarstarf en nú er komið að þeim tíma að verkefnið stækkar þannig að ekki er hægt að fjármagna það af félagsgjöldum bænda einum saman. Þannig leggja samtökin til að 20 m. kr. framlag komi til tveggja ára með samningi við atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið.

V. Hækkanir á áburðarverði án hliðstæðu

Bændasamtökin benda á grafalvarlega stöðu á áburðarmarkaði. Síðustu mánuðir hafa einkennst af hækkunum á áburðarverði sem eiga sér vart sögulega hliðstæðu, en áburðarverð er hægt að festa núna á verðum sem eru 150-200% hærri en þau sem voru í vor. Þessi þróun er sýnd á mynd 3. Ástæður þessa eru margar, en í okkar heimshluta tengjast þær háu orkuverði í Evrópu öðru fremur⁵. Bændasamtökin telja mikilvægt að heimildir séu til staðar fyrir ríkisvaldið að grípa inn í ef að talið sé að fæðuöryggi sé ógnað vegna verðhækkana á þessum aðföngum. Norðmenn hafa gripið til ráðstafana gagnvart bændum þar en þær aðgerðir miðuðust við hækkun sem nú virðist hafa verið of bjartsýn⁶. Bændasamtökin hafa átt samtál við landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið í haust vegna þessarar óvissu.



Mynd 3. Þróun á áburðar- og gasverði. DAP (díammóníumfosfat) og Urea (þvagefni) eru hráefni til áburðarframleiðslu. Vakin er athygli á því að nánast engin viðskipti eru með áburð í Evrópu nú um stundir vegna óvissu um verð. Heimild: Alþjóðabankinn.

Hver stærðargráða þeirra heimilda ætti að vera er óljós vegna óvissu um hvernig framvindan verður næstu vikur og mánuði erlendis. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gæti metið hversu mikil þörfin

⁵ Gas er u.þ.b. 80% af framleiðslukostnaði í köfnunarefnisáburði. Sjá umfjöllun í *Commodity Markets Outlook* sem gefið er út af Alþjóðbankanum.

⁶ <https://www.regjeringen.no/contentassets/52b7a591f2644856ab9dc2a132a086ce/protokoll-fra-tilleggsforhandling-28.10.21.pdf>

er og vegið á móti áhættu fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar. Hækki áburðarverð um 50% mun kostnaður aukast um u.þ.b. 1300 m.kr. m.v. sama magn í innkaupum.

Þá er það ljóst að til lengri tíma er það afar mikilvægt loftslags- og fæðuöryggismál að innlend matvælaframleiðsla verði óháðari innfluttum áburði – en óhugsandi er að slíkar aðgerðir geti borið ávöxt sem máli skiptir fyrir næsta vor. Það þarf að hugsa til lengri tíma en mikilvægt er að vinna samtímis að því að draga úr þörf á innfluttum áburði og að sjá til þess að nauðsynlegt magn af áburði sé til reiðu á verði sem hafi ekki í för með sér forsendubrest fyrir landbúnað.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.